

# Öruggar borgir á Norðurlöndum / Nordic Safe Cities (NSC)

Starfshópur og aðgerðaráætlun



# Starfshópurinn

- Þann 1. október 2020 var skipaður starfshópur sem sameinar stofnanir innan sem utan Reykjavíkurborgar sem taldar eru lykilaðilar í forvarnarstarfi gegn hatri og öfgahyggju
  - Svandís Anna Sigurðardóttir MOL, formaður hópsins
  - Ágúst Már Gröndal, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs (USK)
  - Emilía Rafnsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs (SFS)
  - Dalreen Carmen Soares, frá maí 2021, fulltrúi velferðarsviðs (VEL)
  - Sigrún Þórarinsdóttir, fram til maí 2021, fulltrúi VEL
  - Þóra Jónasdóttir, fulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

# Hlutverk

- **Hlutverk og helstu verkefni starfshópsins samkvæmt erindisbréfi voru:**
  - Að útbúa aðgerðaráætlun gegn hatri og öfgahyggju sem lögð er fyrir ofbeldisvarnarnefnd til samþykktar.
  - Að skila tillögum til Ofbeldisvarnarnefndar sem tryggja eftirfylgd við og utanumhald um aðgerðaráætlunina og þátttöku Reykjavíkurborgar í Nordic Safe Cities.
  - Að sækja fundi Nordic Safe Cities árið 2020-2021.

# Aðgerðaráætlun

- Tekur mið af lögum, stefnum og áherslum NSC
- Þrjú svið sem er lögð áhersla á:
  1. Samfélagið og forvarnir
  2. Hatursorðræða og hatursglæpir
  3. Örugg borgarrými

# Samfélagið og forvarnir

- Lykilatriði í þessari vinnu
- Margt gott nú þegar en má gera betur
  - Markmið: *Að auka traust nýrra íbúa á lögreglu.*
    - Aðgerð: Að löggregla fái aðkomu í verkefni Reykjavíkurborgar *Velkomin í hverfið þitt*. Tilraun um slíkt verði gerð í samvinnu þjónustumiðstöðvar Breiðholts og lögreglustöðvar 3 í Reykjavík.
    - Markmið: *Að öll ungmenni hafi tækifæri til að sækja viðeigandi frístundaúrræði Reykjavíkurborgar.*
      - Aðgerð: Að tryggja fjármagn til reksturs Flotans flakkandi félagsmiðstöðvar til frambúðar sem og til Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Báðar félagsmiðstöðvar eru innan Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og búa við tímabundið fjármagn og þar með ótrygga framtíð. Flotinn nær til ungmenna sem sækja ekki hefðbundin frístundaúrræði með því að flakka um borgina og sækja staði þar sem ungmenni eru gjarnan, byggja upp samband og kynna frístundastarf fyrir þeim. Hinsegin félagsmiðstöðin er úrræði sérstaklega ætluð hinsegin ungmennum í Reykjavík en hún hefur verið gífurlega vinsæl og árangursrík undanfarin ár. Báðar félagsmiðstöðvar hafa mikil forvarnargildi. Með þessari aðgerð er lagt til að rekstur þeirra verði tryggður með því að hann verði innan ramma fjárhagsáætlunar skóla- og frístundasviðs.

# Samfélagið og forvarnir

- **Markmið: Að starfsfólk á skóla- og frístundasviði þekki hættumerki um öfgahyggju og forvarnir gegn henni**
  - Aðgerð: Gefið verður út fræðsluefni um hættumerki þess að einstaklingar leiðist út í öfgahyggju (e. lone wolves) ásamt upplýsingum um það hvernig forvarnir fyrirbyggja slíkt. Efnið verður kynnt fyrir starfsfólki skóla- og frístundasviðs í gegnum *Torgið*, nýtt fræðslukerfi Reykjavíkurborgar.
- **Markmið: Að auka tengsl og traust á milli almennings og lögreglu**
  - Aðgerð: Tilraunaverkefni um að innleiða samfélagslöggur á öllum lögreglustöðvum höfuðborgarsvæðisins í þeim tilgangi að auka nærveru við borgarbúa, vera sýnilegri og aðgengilegri og þannig auka traust borgarbúa til lögreglu. Stöðugildi og hlutverk þeirra verði skilgreind og tryggð.
- **Markmið: Að bæta stöðu barna innflytjenda í Reykjavík**
  - Aðgerð: Að framfylgja öllum tillögum starfshóps um börn innflytjenda í Reykjavík (frá maí 2020). Lagt er til að ráðist verði í framkvæmd þeirra tillagna sem eftir sitja, enda er að baki þeim ítarleg vinna sérfræðinga borgarinnar sem höfðu það að markmiði að kortleggja stöðu barna innflytjenda á Íslandi með tilliti til líðan, neyslu, þátttöku í skipulögðu íþrótt- og félagsstarfi sem og nám eftir skólaskyldu. Starfshópurinn byggði tillögur sínar um börn innflytjenda í Reykjavík á íslenska forvarnarmódelinu. Starf og markmiðið hópsins er því í takti við markmið NSC.

# Hatursorðræða og hatursglæpir

- Árás á lýðræðið
- Þarf að taka fastari tökum, með fræðslu og samtali
  - **Markmið: Að koma í veg fyrir hatursorðræðu á internetinu**
    - Aðgerð: Að rýna í mögulegar útfærslur á viðveru og virkni LRH á internetinu, sérstaklega samfélagsmiðlum og taka mið af reynslu og sambærilegum verkefnum hjá öðrum borgum innan og utan NSC. Tilgangurinn er að fylgjast með og vinna gegn hatursorðræðu.
  - **Markmið: Að koma í veg fyrir hatursglæpi í samfélaginu**
    - Aðgerð: Sókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í hatursmálum þannig að frumkvæðislöggæsla verði efla á þessu sviði, fylgst verður með hatursorðræðu og unnið gegn henni. Skoðaðar verða útfærslur og sóknir lögreglu á Norðurlöndunum og mismunandi aðferðum sem hefur verið beitt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og sækja hatursglæpi.

# Hatursorðræða og hatursglæpir

- **Markmið: Að auka þekkingu almennings um hatursorðræðu**
  - Aðgerð: Útbúið verði fræðsluefni um hatursorðræðu og ólýðræðislega orðræðu ásamt afleiðingum hennar. Það verði kynnt fyrir starfsfólki á skóla- og frístundasviði, velferðarsviði, ungmennaráðum og íbúaráðum meðal annarra. Leitað verði leiða til að nýta það í tillögu starfshóps um börn innflyttjenda sem fjallar um fræðslu um fjölmenningu (tillaga 2).
- **Markmið: Að borgarfulltrúar verði upplýstir um hatursorðræðu**
  - Aðgerð: Að útbúið verður námskeið fyrir borgarfulltrúa um hatursorðræðu, sérstaklega er snertir þeirra störf. Námskeiðið verður tilbúið og haldið eftir næstu borgarstjórarkosningar (2022).

# Aðalskipulag



# Örugg borgarrými

- Aðgerðir og áherslubreytingar geta skipt sköpum upp á öryggi og öryggistilfinningu
  - Markmið: Að skapa öruggt borgarrými
    - Aðgerð: Að útbúa drög að efni, svo sem stefnu, leiðbeiningar eða verklag varðandi arkitektúr og hönnun fyrir Reykjavíkurborg sem fléttar öryggissjónarmið saman við borgarskipulag. Það skal í framhaldinu vera sambætt við stefnur og skipulag borgarinnar og gildir jafnt fyrir eigin verkefni borgarinnar sem og aðra sem vinna að uppbyggingu í borginni. Bæklingarnir *The Nordic Safe Cities Guide* og *Safe Urban Spaces* verða hafðir til hliðsjónar.

# Framtíð Reykjavíkur- borgar og NSC

- Verkefnastjóri með sérþekkingu
- Betri yfirsýn og fjármagn
- Sterkari samvinna innan og utan borgarkerfis
- LRH spilar stórt hlutverk
  - Eða
- Hverfa frá tengslanetinu
- Viðhalda sterkum forvörnum og byggja á núverandi aðgerðaráætlun
- Fella þessa vinnu að öðrum verkefnum